

AUGLÝSING

um

innflutningsbann.

97

10. des.

Með því að mjög skæð munn- og klaufaveiki í búpeningi gengur nú í Danmörku og Svíþjóð og að enn fremur hefir borið á veiki þessari í Þýskalandi, Hollandi, Belgíu og Noregi, er hjermeð samkvæmt lögum nr. 22, frá 15. júní þ. á., um innflutningsbann á dýrum o. fl., bannað að viðlögðum sektum og skaðabótum samkvæmt tjeðum lögum, fyrst um sinn, að flytja til landsins frá framangreindum löndum lifandi fugla, hey, hálms, alidýraáburð, hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, hverju nafni sem nefnast, ósoðna mjólk og brúkaða fóðurmjólssækki. Umbúðahálm, sem flyst inn frá tjeðum löndum utan um vörur til næsta nýárs, skal brenna þegar í stað undir eftirliti lögreglustjóra, en frá þeim tíma fer um umbúðahálm sem um aðrar framangreindar vörur.

Auglýsingar frá 27. júlí og 19. ágúst þ. á., um sama efni, eru hjermeð úr gildi feldar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. des. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson,

REGLUGJÖRÐ

um

hundahald í Víkurkaupþúni í Vestur-Skaftafellssýslu,

98

15. des.

1. gr.

Bannað er öllum íbúum Víkurkaupþúns að halda hunda. Þó skulu undanskildir því banni ábúendur Suður- og Norður-Víkurjarða (þó eigi að því er tíkur snertir), enda sje þeim skylt að hlíta ákvæðum þeim, sem gilda á hverjum tíma sem er fyrir sýsluna um lækning hunda af bandormum m. m.